

## Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2009 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-76/2009:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, f.h. dóttur sinnar, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á tölvu hjá fyrirtækinu Y. Samkvæmt því sem kemur fram í álitsbeiðni segir álitsbeiðandi rafhlöðuna í tölvunni ónýta vill að seljandi leggi sér til nýja rafhlöðu. Seljandi tölvunnar á sínum tíma mun hafa verið fyrirtækið Z sem tekið var til gjaldþrotaskipta.

### II

#### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 28. september sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 5. október. Með bréfi, dags. 12. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 20. október. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 21. október sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að rafhlaðan í tölvunni hafi orðið ónýt. Fyrir hálfu ári síðan hafi verið farið með tölvuna í viðgerð hjá Y og ný rafhlaða sett í hana. Í ágúst sl. hafi harði diskurinn í tölvunni bilað. Reikningur fyrir viðgerðina er dags. 26. ágúst 2009, að fjárhæð kr. 20.690, sem álitsbeiðandi greiddi. Álitsbeiðandi segir í ljós hafa komið eftir viðgerðina að rafhlaðan hafi verið ónýt, þrátt fyrir að ný rafhlaða hafi verið sett í tölvuna fyrir nokkrum mánuðum. Álitsbeiðandi segir að umboð framleiðanda um allan heim ábyrgðist allt eðlilegt viðhald á ..... tölvum í eitt ár. A vilji ekki leggja sér til nýja rafhlöðu.

### IV

#### Andsvör A.

Í andsvörum A segir m.a. eftirfarandi:

„A, núverandi umboðsaðili ..... á Íslandi keypti lausafjármuni og birgðir af þrotabúi Z fyrrum umboðsaðila ..... þann 30.11.08 og hóf innflutning og sölu á ..... búnaði 01.12.2008 undir eigin kennitölu. 31.12.2008 var undirritaður samningur við Y þar sem A varð umboðsaðili ..... á Íslandi. A mun ekki geta uppfyllt ábyrgðarskyldu gjaldþrota rekstraraðila að fullu, en í þeim tilvikum þar sem bilun/galli kemur fram í búnaði seldum af Z mun A fella niður allan kostnað vegna vinnu og afhenda varahlut án söluálagningar.

Í beiðni X kemur fram að hún hafi fengið afhenta nýja rafhlöðu frá Z, rafhlaðan var afhent 29.09.08. Rafhlaðan var afhent frá Y sem varahlutur, Y sem framleiðandi veitir 90 daga ábyrgð á varahlutum eins og fram kemur í meðfylgjandi skjali „..... Parts–Ninety (90) Days Limited Warranty“, hinsvegar er afhendingaraðili vöru hér á landi ábyrgur fyrir nýrri afhendingu til að minnsta kosti tveggja ára sem var Z Varðandi ábyrgðarskilmála ..... þá eru þeir útskýrðir neðst á skjali 2b og 2c „Um ..... ábyrgð“. Ennfremur kemur fram í beiðni X að rafhlaðan hafi komið ónýt frá þjónustuaðila eftir viðgerð. Eðli viðgerðarinnar var með þeim hætti að rafhlaðan var fjarlægð úr vélinni og sett í að nýju eftir að skipt hafði verið um varahlut. Það að tækniaður þjónustuaðila hafi orsakað bilun í rafhlöðunni er alfarið hafnað. Rafhlöður geta bilað hvar sem er og hvenær sem er, sú bilun þarf ekki endilega að vera rakin til galla en meðhöndlun og notkunarmunstur á rafhlöðunni getur bæði lengt og stýtt líftíma rafhlöðunnar. Þjónustuaðila hefur ekki verið gefinn kostur á að taka rafhlöðuna til skoðunar frá því að vélin var sótt úr viðgerð.

Hér er áréttað að afhending rafhlöðunnar var framkvæmd af Z, þáverandi sölu- og umboðsaðila ..... á Íslandi. Í ljósi þess stendur X því til boða að fá afhenta nýja rafhlöðu frá A á krónur 22.215- að því gefnu að rafhlaðan hafi hætt að virka vegna galla. Til þess þarf rafhlaðan að berast verkstæðinu sem mælir upp rafhlöðuna en niðurstaða mælingar mun m.a. sýna fram á ástand rafhlöðu, notkun frá upphafi og hleðslueiginleikum.“

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og A falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur að áliti kærunefndarinnar undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í álitsbeiðni kemur ekki skýrt fram hvenær sú rafhlaða sem nú er biluð var sett í tölvu álitsbeiðanda, einungis sagt að það hafi verið gert fyrir nokkrum mánuðum. Í andsvörum A segir að það hafi verið gert 29. september 2008. Kærunefndin telur að byggja verði á þeim upplýsingum enda geta þær vel samræmst því sem fram kemur í álitsbeiðni um þetta tímamark. Samkvæmt því sem kemur fram í andsvörum A keypti það fyrirtæki lausafé og birgðir af þrotabúi Z 30. nóvember 2008 eða eftir þann tíma að skipt var um rafhlöðu í tölvu dóttur álitsbeiðanda. Hvernig sem þeim kaupum kann að hafa verið háttáð leiðir þetta til þess að líta verður svo á að álitsbeiðandi hafi ekki átt viðskipti við A að því er varðar rafhlöðuna í tölvunni. Þá er gegn mótmælum A ekkert leitt í ljós um það að bilun rafhlöðunnar stafi af skiptum á harða diskum tölvunnar sem A annaðist. Af þessum ástæðum verður að hafna kröfu álitsbeiðanda um að A leggi dóttur hennar til nýja rafhlöðu.

## VI

### Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, f.h. dóttur hennar, er hafnað.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir